

AUGLÝSING

um staðfestingu samnings milli Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga um félagsþjónustu, barnavernd og þjónustu við fatlað fólk.

Ráðuneytið hefur staðfest meðfylgjandi samning sem sveitarstjórnir Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga hafa gert með sér um félagsþjónustu, barnavernd og þjónustu við fatlað fólk, með vísan til 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, 7. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 5. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, sbr. og 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Sveitarfélögin mynda sameiginlegt þjónustusvæði í þessum málaflokkum og frá 20. ágúst 2020 er Suðurnesjabær leiðandi sveitarfélag.

Markmið samningsins eru einkum að tryggja samþætta og heildstæða félagslega þjónustu fyrir íbúa á þjónustusvæðinu og stuðla að hagræðingu í rekstri með samþættingu þjónustu- og rekstrarþátta á sviði félagslegrar þjónustu.

Í þeim tilvikum þegar um er að ræða lögbundnar skyldur sveitarfélaga framselur Sveitarfélagið Vogar til Suðurnesjabæjar vald til töku ákvarðana um rétt eða skyldu manna í skilningi stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Valdheimildum Suðurnesjabæjar er nánar lýst í samningnum.

Samningurinn sem er gerður á grundvelli 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 16. júlí 2021.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR milli Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga um félagsþjónustu, barnavernd og þjónustu við fatlað fólk.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samningur þessi er gerður með vísan til 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, 7. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 5. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

2. gr.

Sveitarfélögin mynda sameiginlegt þjónustusvæði um félagsþjónustu, barnavernd og þjónustu við fatlað fólk. Þjónustusvæðið er ekki sjálfstæður lögaðili.

Markmið samningsins eru einkum að tryggja samþætta og heildstæða félagslega þjónustu fyrir íbúa á þjónustusvæðinu og stuðla að hagræðingu í rekstri með samþættingu þjónustu- og rekstrarþátta á sviði félagslegrar þjónustu.

3. gr.

Frá undirritun samnings þessa er Suðurnesjabær leiðandi sveitarfélag á þjónustusvæðinu í hlutaðeigandi málaflokkum og veitir íbúum, sem eiga lögheimili í aðildarsveitarfélagi þjónustu eins og nánar er kveðið á um í samningnum. Er gert ráð fyrir að íbúar sveitarfélaganna tveggja njóti

samskonar ráðgjafþjónustu. Þjónusta innan svæðisins er veitt á jafnræðisgrundvelli og byggja ákvarðanir um veitingu hennar á mati á þjónustubörf.

Meginstarfsstöð þjónustu sem fellur undir samninginn er í Suðurnesjabæ. Íbúar beggja sveitarfélaganna geta sótt þjónustu þangað, haft samband símleiðis eða mælt sér mót við starfmann í sínu lögheimilissveitarfélagi.

4. gr.

Í þeim tilvikum þegar um er að ræða lögbundnar skyldur sveitarfélaga framselur Sveitarfélagið Vogar til Suðurnesjabæjar vald til töku ákvarðana um rétt eða skyldu manna í skilningi stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Valdheimildum Suðurnesjabæjar er nánar lýst í samningi þessum.

5. gr.

Sveitarfélögin skipa sameiginlega fjölskyldu- og velferðarráð Suðurnesjabæjar sem ætlað er að sinna verkefnum og umsýslu þeirra verkefna sem tilheyra félagsþjónustu sveitarfélaga, þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, sem og þeim verkefnum sem barnaverndarnefnd er ætlað að inna af hendi samkvæmt lögum.

Fjölskyldu- og velferðarráð skal skipað sjö fulltrúum, fimm kjörnum af bæjarstjórn Suðurnesjabæjar og tveimur af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga, og skal við skipan þeirra gætt að reglum 1. og 2. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga. Formaður ráðsins skal tilnefndur af bæjarstjórn Suðurnesjabæjar.

6. gr.

Suðurnesjabæ er heimilt að gera samninga við aðra aðila um framkvæmd einstakra þátta þjónustunnar, m.a. við einkaaðila, enda samrýmist þeir samningar lögum um þjónustuna, sveitarstjórnarlögum og rúmist innan fjárhagsáætlunar.

II. KAFLI

Sérfræðiþjónusta.

7. gr.

Suðurnesjabær annast ráðgjöf á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og barnaverndarstarf á grundvelli barnaverndarlaga. Suðurnesjabær veitir þjónustu í samræmi við ákvæði ofangreindra laga, reglugerða er varða þá málaflokka og annarra reglna eða samþykktu um viðkomandi þjónustu.

8. gr.

Í sérfræðiþjónustu við fatlað fólk felst að starfsmenn fjölskyldusviðs annast móttöku og úrvinnslu umsókna um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Starfsmenn annast einnig ráðgjöf og mat á þörf fyrir þjónustu.

9. gr.

Í sérfræðiþjónustu í barnavernd felst að starfsmenn fjölskyldusviðs annast móttöku á barnaverndartilkyningum og úrvinnslu þeirra, auk þess að beita stuðningsúræðum til hagsbóta fyrir einstök börn og fjölskyldur þeirra á grundvelli barnaverndarlaga.

10. gr.

Í sérfræðiþjónustu á sviði félagsþjónustu felst að starfsmenn fjölskyldusviðs annast móttöku og úrvinnslu á umsóknum um þjónustu á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Starfsmenn annast ráðgjöf, mat á þjónustu og veitingu stuðningsúræða.

III. KAFLI Fjármögnun.

11. gr.

Kostnaður vegna úrræða samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og barnaverndarlögum greiðist af lögheimilissveitarfélagi þjónustunotanda.

Nefndarlaun og annar kostnaður fulltrúa í fjölskyldu- og velferðarráði greiðist af hvoru sveitarfélagi fyrir sig vegna kjörinna fulltrúa þess sveitarfélags.

Kostnaður vegna umsýslu félagsþjónustu og vinnslu barnaverndarmála, þ.m.t. laun og launatengd gjöld starfsmanna sem sinna þjónustu sem fellur undir samning þennan, kostnaður vegna bakvakta, aksturs, síma, skrifstofukostnaður og annar rekstrarkostnaður, þ.e. heildarkostnaður að frádregnum húsnæðiskostnaði, skal skiptast hlutfallslega milli sveitarfélaganna tveggja á grundvelli íbúafjölda.

Með kostnað vegna verkefna á sviði laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skal fara þannig að framlög verði á grundvelli jöfnunar hvað varðar biðlista, eigið útsvar og rekstur samrekkinnar þjónustu sveitarfélaganna. Kostnaður vegna búsetuúrræða og kostnaður vegna nauðsynlegrar þjónustu sem ekki greiðist af fyrrgreindum framlögum skiptist hlutfallslega milli sveitarfélaganna tveggja á grundvelli íbúafjölda.

12. gr.

Fjárhagsáætlun sameiginlegra liða skal liggja fyrir eigi síðar en í september ár hvert fyrir næstkomandi ár.

Í fjárhagsáætlun hvors sveitarfélags skal gera grein fyrir þeim útgjaldaliðum sem varða þá málaflokka sem samningur þessi tekur til. Suðurnesjabær skal reglulega veita Sveitarfélaginu Vogum upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að hafa eftirlit með útgjöldum og gera viðeigandi ráðstafanir um fjárheimildir.

13. gr.

Greiðslur vegna rekstrar verkefna samkvæmt samningi þessum skulu, nema annað sé sérstaklega tekið fram, inntar af hendi fyrirfram fyrir hvern mánuð. Skulu greiðslur taka mið af greiðsluáætlun þar sem fram kemur áætlaður kostnaður vegna samningsins þar sem það á við samkvæmt fjárhagsáætlun Suðurnesjabæjar hverju sinni. Uppgjör fer fram árlega og tekur mið af raunkostnaði.

IV. KAFLI Starfsmenn.

14. gr.

Suðurnesjabær er vinnuveitandi starfsmanna sem starfa að verkefnum sem samningurinn tekur til. Í því felst að Suðurnesjabær fer með ráðningarsamband og allar stjórnunarheimildir gagnvart starfsmönnum.

Starfsmönnum ber að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd samningsins og leynt skulu fara samkvæmt lögum. Suðurnesjabær skuldbindur sig til að tryggja undirritun starfsmanna sinna um þagnarskyldu.

V. KAFLI Önnur ákvæði.

15. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. júní 2019. Hvorum samningsaðila fyrir sig er heimilt að segja upp samningnum með minnst tólf mánaða fyrirvara.

Við gildistöku samnings þessa falla úr gildi samningar Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga frá 24. mars 2009 og 6. janúar 2012.

16. gr.

Rísi ágreiningur vegna samnings þessa skal honum vísað til héraðsdóms Reykjaness náist ekki samkomulag milli aðila.

17. gr.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða eintök, eitt handa hvorum samningsaðila.

Samningur þessi er undirritaður með fyrirvara um samþykki beggja bæjarstjórna og staðfestingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, sbr. 93. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

20. ágúst 2020.

B-deild – Útgáfud.: 30. júlí 2021